

Í vatnalögum nr. 15 1923 fjallar X. Kafli um holræsi. Segir þar m. a., að bæjarstjórn sé heimilt að leggja holræsi til að taka við skolpi og afrennsli í kaupstaðnum (86. gr.), en bæjarstjórn skuli leggja holræsin svo, að hver lóðareigandi nái til þeirra í götu, sem lóð hans telst til. Þar eru og ákvæði um, að hverjum lóðar- eða húseiganda sé skylt að gera á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum allt skolp í aðalræsi, en aðili getur krafði sig undanþeginn skolpræsagjaldi, ef slík ræsislagning verður sérstaklega kostnaðarsöm, enda geti hann komið skolpinu frá sér með öðrum fulltryggum hætti. Að öðrum kosti skal ræsið lagt og bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaðinum, nema samkomulag verði (88. gr.). — Samkvæmt 98. gr. vatnalaganna taka þessi ákvæði þeirra ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í áður gildandi rétti, eins og það er um ræðir í máli þessu, og gilda því ákvæði laganna frá 1911 þar um. Með tilliti til ákvæðisins í 98. gr. vatnalaganna þykir því verða að lita svo á, að samkvæmt lögunum frá 1911 sé stefndur ekki skyldur til að fella niður holræsagjald eða taka þátt í kostnaði við lagningu ræsis, sem reynist óvenjulega kostnaðarsamt — eins og orðið hefur hjá stefnanda — enda telst bæjarstjórn hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt umræddum lögum, eins og að framan er rakið. — Stefndandi þykir þannig ekki eiga rétt til hinnar umstefndu kröfu úr hendi stefnda, og verður sýknukrafan því tekin til greina. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkur-borgar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns J. Fannbergs, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. nóvember 1945.

Nr. 96/1945. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

James Betty (Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur

eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins samkvæmt mælingum skipherrans kl. 0205 hinn 11. maí þ. á., sem lýst er í héraðsdómi, og reyndist staðurinn 0,6 sjómilur innan landhelgislinu. Þessi mæling svo og mæling yfirmanna varðskipsins við duflið nokkru síðar um nóttina í viðurvist kærða sanna, að kærði hefur verið að veiðum í landhelgi, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi, og varðar það brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, James Betty, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. maí 1945.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn James Betty, skipstjóra á togaranum Strathalva, A. 757 frá Aberdeen, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og eru málavextir þeir, er hér skal greina.

Aðfaranótt hins 11. maí síðastliðins var varðskipið Óðinn við eftirlit undan Kötlutanga. Kl. 0159 var sett á fulla ferð og haldið að togara. Kl. 0205 lagt að hlið togarans Strathalva, A. 757, er var að veiðum með stjórnborðsvörpu, og settur maður um borð í hann og sett út dufl. Var síðan gerð við duflið eftirfarandi staðarákvörðun:

Dyrhólaviti

> 21° 50'

Hatta

> 57° 40'

Hjörleifshöfði

Dýpi 108 metrar, er gefur staðinn 0,7 sjómilur innan landhelgislinu. Vatt þá togarinn upp vörpu sína.

Síðan var skipstjórinn sóttur og honum sýndur staður duflsins og dýpi, og staður duflsins mældur aftur í viðurvist hans og reyndist sami og áður. Skipstjóranum var bent á, að hann hefði verið að landhelgisveiðum og að farið yrði með hann til Vestmannaeyja til frekari rannsóknar.

Veður NA 1, sléttur sjór.

Kærði hefur haldið því fram, að hann hafi verið fyrir utan landhelgislinuna, þegar varðskipið kom að skipi hans, en hins vegar viðurkennt að hafa verið að fiskveiðum með botnvörpu, er hann var tekinn. Staðhæfingar sínar um, að hann hafi ekki verið í landhelgi, byggir hann aðallega á dýptarmælingum, er hann hafi gert. Í því sambandi hefur varðskipsforinginn upplýst, að á þessum slóðum sé dýpið 75 faðmar, eða 143 metrar, um og innan við landhelgislinuna.

Einnig segir kærði, að straumurinn eða fallið hafi legið austur og vestur og hann hafi alltaf haldið sömu stefnu frá landi, og hann hafi haldið 64—65 faðma (enskir), þegar hann hafi verið að toga.

Hvað snertir strauminn eða fallið, er ósamræmi um það í framburði kærða og framburði stýrimanna varðskipsins. Sama er að segja um útsetningu duflsins.

Kærði segist ekki hafa séð duflið, er varðskipið setti út, og á því hafi ekki verið ljós. Bátismaður á b/v Strathalva hefur og borið það, að hann hafi eigi séð duflið. Um þetta hefur varðskipsforinginn upplýst, að svo bjart hafi verið, að ljós hafi eigi þurft að hafa á duflinu.

Skýrsla og staðarákvarðanir skipherrans á Óðni hafa verið staðfest í öllum greinum af fyrsta og öðrum stýrimanni á varðskipinu Óðni og skýrsla, rskj. 1, ásamt framburðum þessara þriggja manna staðfest með eiði hér í réttinum. Afrit af staðarákvörðunum varðskipsins var lögð fram í réttinum og fært út á sjókortinu, er sýnt var í réttinum.

Staðarákvarðanir þær, sem hér að framan er lýst og í skýrslunni greinir, voru gerðar af skipherra varðskipsins ásamt stýrimönnum hans, og seinni staðarákvörðunin, er reyndist nákvæmlega sú sama og hin fyrri, einnig gerð í viðurvist kærða.

Alllangur tími leið, frá því að duflið var sett út og þar til komið

var aftur að togaranum og skipstjóri hans kom um borð í varðskipið, því á meðan var það að annast töku annars togara.

Rétturinn verður að líta svo á, að staðarákvarðanir og mælingar varðskipsins, sem gerðar eru með fullkomnustu tækjum, séu gerðar af meiri nákvæmni en athuganir kærða, sem aðallega byggjast á dýptarmælingum, og mótbárur hans og staðhæfingar, sem eigi eru nægilega studdar, verði því eigi teknar til greina gegn staðarákvörðunum og mælingum varðskipsins, er ekkert virðist við að athuga.

Verður því að teljast sannað, að kærði hafi verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi á þeim stað og tíma, er varðskipið hefur gefið upp, á skipi sinu, b/v Strathalva A. 757.

Kærði, sem fæddur er 15. marz 1906, hefur eigi áður, svo kunnugt sé, sætt kærðu eða refsingu fyrir landhelgisbrot.

Brot kærða ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing hans sú, er hann hefur unnið til, með því að hér er um fyrsta brot að ræða, hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. nefndra laga sekt í Landhelgissjóð Íslands, kr. 29500.00, með til-liti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, að krónan jafngildir 33.90 aukum gulls.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Auk þess skal allur afli innan borðs í togaranum Strathalva A. 757 og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, James Betty, greiði 29500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum Strathalva, A. 757 frá Aberdeen, skal vera upptækt, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Loks greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.